

Hvað er guðspeki?

Hvað er guðspeki

Guðspeki þýðir guðdómleg Víska.

Guðspeki felur í sér að fagna öllum trúarbrögðum sem koma frá hinum eina Guði, sem sendir til jarðar boðbera til að koma á framfæri þeim trúarbrögðum sem henta geðslagi og mismunandi kynþáttum mannkyns sem hafa gengið á jörðinni í langan tíma. Í guðspeki fögnum við búddisma og hindúisma, múhameðstrú, gyðingdómi og egypskri heimspeki – allt sem þú getur kallað trúarbrögð eða heimspeki felur í sér guðspeki, því guðspeki inniber allt þetta. Við erum ekki ein trúarbrögð, við erum öll trúarbrögð. Guðspeki er móðir allra trúarbragða og myndar allt frá örófi alda, grunninn fyrir öll trúarbrögð og heimspekireglur sem hafa verið stofnsett ásamt þeim trúarbrögðum sem ekki er enn búið að koma á laggirnar hér á jörðu (Ananda Tara Shan, 2002).

Guðspeki

Til eru vitnisburðir um tilvist innvígðra dulspekinga sem höfðu afburða þekkingu á guðdómlegum og náttúrulegum lögmálum. Þeir er sagðir hafa verið uppi á sögutímum biblíunnar og allt aftur fyrir tíma Atlantis. Tilvísanir í samfélag þessara fullnuma eru í helgum ritum, heimspeki bókmenntum og dulspeki kynþátta og þjóða. Þessir fullnumar hafa birst sem kennarar, sjáendur, spámenn og félagslegir umbótasinnar. Þeir hafa gert sitt til að flýta fyrir framþróun siðmenningar, ekki af tilviljun, heldur að því að talið er í samræmi við fyrirfram gerða áætlun (Bernstein, 1998).

Í gegnum aldir hefur ávallt verið til framsækið fólk sem hefur reynt að leysa leyndardóma lífs og dauða. Sumum hefur tekist að leysa leyndardómana og þau síðan miðlað lausnum þeirra til valinna lærisveina (Hodson 1991, bls. 120).

Í byrjun var kennsla þessara leyndardóma dulin. Síðar meir var hluti hennar kenndur opinskátt. Bein upplifun þekkingar er þó enn innri leyndardómur, dulspeki sem er opinberuð einstaklingi á vissu þroskastigi og aldrei hægt að gefa öðrum til kynna á fullkominn hátt. Dýpstu sannindin verða aðeins numin við beina innri upplifun, en leiðin að þeim sannindum er kennd innan guðspekinnar.

Kenningar guðspekinnar bæði hinar ytri og hinar dulspekilegu (e. esoteric) eru ekki nýjar. Þær er að finna innan hjarta allra stórra heimstrúarbragða, sem ákveðnar grunnkenningar, sameiginlegar öllum trúarbrögðum. Guðspekin er því ekki nýtt kerfi, og hvað þá heldur ný trúarbrögð eða trúarjátning. Hún er hin elsta af hinu gamla. Hún átti við fyrr á öldum og á við enn í dag sem hinn æðsti og göfugasti skilningur á sál mannsins og eðli guðdómsins. Guðspekin þýðir í raun meira en það, því hún er guðdómlega víska, víska guðdómlegra vera, þeirra sem varðveita um aldir hinar dulspekilegu kenningar sem annars væru glataðar. Um leið felur hún í sér þá hugmynd að slík guðdómleg víska hefur verið og heldur áfram að vera numin af manneskju sem fetar hinn þrönga vel sálarþroska sinnar og sem er hið eðlilega og réttmæta markmið þróunar hennar. Staðhæfingin að til sé sannleikur, dulspekileg þekking eða guðspeki sem er öllum manneskjum innan seilingar og er eðlilegt markmið þroska hennar felur enn fremur í sér hugmyndina að þessi þekking eigi sér lifandi málsvara (Hodson, 1991).

Eins og Hodson kemst að orði hér á undan þá er guðspekin viska aldanna, guðlegur sannleikur varðveittur af guðdómlegum verum sem hafa náð að fullkomna þroska sinni í jarðneskri hringrás sinni, svokölluðum fullnumum eða meisturum. Meisturum sem kenna lærisveinum sínum sem aftur hafa það hlutverk að kenna okkur hinum.

Helena Pedrovna Blavatsky

Það var fyrir meira en hundrað árum síðan að innvígðum lærisveini Helenu Pedrovnu Blavatsky var falið það hlutverk að miðla guðspeki og tilvist Helgistjórnar jarðar til hins vestræna heims. Í þeim tilgangi stofnaði hún Guðspekifélagið (e. The Theosophical Society) árið 1875 ásamt Henry Steel Olcott og William Judge. Guðspekifélagið varð að alþjóðlegum samtökum sem náðu umtalsverðri útbreiðslu frá stofnun þess og langt fram á síðustu öld. Í gegnum Guðspekifélagið var hinni aldagömlu visku komið á framfæri með aðgengilegum hætti ásamt þeirri vitneskju að á innri sviðum sé til staðar samfélag fullnuma meistara sem varðveita viskuna og hafa sérstakt hlutverk í að efla áætlun Guðs fyrir jörðina. Með öðrum orðum þau vaka yfir velferð mannkyns og örva það til andlegs þroska.

Markmið Blavatsky, og hinna upplýstu vera sem að baki henni stóðu, var ekki aðeins að koma á framfæri visku aldanna við hinn vestræna heim, visku sem hafði í gegnum aldir verið falin almenningi, heldur einnig að skapa samfélag fólks sem lyti hugsjón bræðra-systralags eins og segir í markmiðsgrein Guðspekifélagsins:

Tilgangur Guðspekifélagsins er að breiða út meðal fólks vitneskju um lögmálin sem ríkja í alheimi, að koma á framfæri vitneskju um eðlislæga einingu alls sem er - og færa sönnur á að þessi eining sé grundvöllur náttúrunnar.

Þessum tilgangi skal náð með því að:

1. að mynda virkt bræðra-systralag meðal fólks.
2. að leggja stund á gömul og ný trúarbrögð, heimspeki og náttúruvísindi.
3. að rannsaka kraftinn sem býr innra með manneskjunni.

Guðspekifélagið gekk einnig út frá þremur sannindum sem eru alger og geta ekki glatast eins og Leadbeater orðar það í bókinni *Guðspekin og gátur lífsins*:

1. Sál manneskjunnar er ódauðleg og engin takmörk fyrir framtíðarþroska hennar og dýrð.
2. Alfaðirinn, upphafið, lífgjafinn dvelur í okkur og utan við okkur, er ódauðlegur og miskunnsamur að eilífu, óskynjanlegur jarðneskum skilningarvitum, en verður þó skynjaður með sérstökum hætti af þeim er æskja slíkrar skynjunar.
3. Hver manneskja er sinn eigin, óskeikuli löggjafi, sem dæmir líf sitt og úthlutar sjálfum sér dýrlegum eða skuggalegum kjörum, umbun eða refsingu.

Secret Doctrine

Síðar á ævi sinni var H. P. Blavatsky falið það verkefni að koma visku aldanna - guðspeki í ritað form sem hún og gerði með því að skrifa bækurnar *Isis Unveiled* og *The Secret Doctrine* ásamt fleiri bókum og ótal greinum. Var síðar nefnda bókin skrifuð meira og minna eftir beinni tilsögn eins hinna uppljómuðu meistara, Dwal Khul. *The Secret*

Doctrine er í tveimur bindum. Hið fyrra fjallar um heimsmyndunarfræði og hið síðara um uppruna og þróun mannsins.

Í *The Secret Doctrine* 1. bindi bls. 316 segir Blavatsky:

- *The Secret Doctrine* (Hin dulda kenning/guðspeki) er samansafn visku aldanna og kenningin um uppruna heimsins ein og sér er stórfenglegust og ítarlegust allra kenningakerfa . . .
- Staðreyndir sem hafa haldið óteljandi kynslóðum af innvígðum sjáendum og spámönnum uppteknum við að raða niður eða skipuleggja og útskýra . . . eru allar skráðar á nokkrar blaðsíður af stærðfræðilegum táknum.
- *Secret Doctrine* er óslitin skráning sem inniheldur þúsundir kynslóða sjáenda þar sem reynsla hvers um sig gekk út á að prófa og sannreyna erfikenningarnar. Þær höfðu gengið mann fram af manni, kynslóð eftir kynslóð, og voru fengnar úr kennslu æðri og upphafinna vera sem stóðu vörð um bernsku mannkynsins.

Til frekari glöggvunar á hvað guðspekin felur í sér eru hér fáein dæmi um kenningar sem guðspekin nær yfir:

Uppruni alheimsins, uppbygging og þróun sólkerfanna
Uppruni manneskjunnar, þróun hennar og andleg uppbygging
Önnur ríki náttúrunnar og þróun þeirra
Karmalögmálið
Lögmál endurholdgunar
Lögmál svörunar og fleiri lögmál
Hin þrígreinda birting, Guð Faðir, Sonur/Dóttir og Heilagur Andi-Móðirin
Helgistjórn jarðar
Tívar/englaríkið
Geislarnir 7- dulspekileg (esoterísk) sálfræði
Dulspekileg (esoterísk) stjörnuspeki

Höfundur: Eldey Huld Jónsdóttir

Heimildaskrá:

- Ananda Tara Shan. (2002). What Theosophy really means. The Theosophical Fellowship.
- Bernstein, H. (1998). *Ark of the Covenant, Holy Grail. Message For The New Millennium*. DeVorss Publications.
- Blavatsky, H. P. (1993). *The Secret Doctrine*, Vol 1. Theosophical Heritage Classics.
- Hodson, G. (1991). *Basic Theosophy, The Living Wisdom*. The Theosophical Publishing House.
- Leadbeater, C. W. (1961). *Guðspekin og gátur lífsins*. Hliðskálf.

Hvers konar eftirprentun eða afritun þessa erindis er óheimil án skriflegs leyfis höfundar.